

Miðvikudaginn 10. september 1997.

Nr. 351/1997.

Jón Gunnar Zoëga og

Trésmiðja Aðalsteins K. Kristjánssonar ehf.

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Húsfélaginu Flétturima 1–3 og

Kristni Má Þorsteinssyni

(Guðjón Á. Jónsson hrl.)

Kærumál. Niðurfelling máls.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. ágúst 1997. Með bréfi 9. september 1997 tilkynnti sóknaraðili, að hann krefðist þess nú, að málið yrði fellt niður. Með vísan til c-liðar 1. mgr. 105. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 4. mgr. 150. gr. sömu laga, svo og 2. mgr. 164. gr. og 166. gr. þeirra, eins og þeim greinum var breytt með lögum nr. 38/1994, er málið fellt niður fyrir Hæstarétti.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af kæru málsins.

D ó m s o r ð :

Mál þetta er fellt niður.

Kærumálskostnaður fellur niður.
